Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Guðrún Benónýsdóttir

Eirún Sigurðardóttir

Magnús Sigurðarson

Hekla Dögg Jónsdóttir

Sigurður Guðjónsson

Goddur

Sirra Sigrún Sigurðardóttir




# NÝSKÖPUN • NÝ-SKÖPUN

Sýningarstjóri / Curator: Sirra Sigrún Sigurðardóttir I Sýningin stendur frá 29. október 2004

Þessi sýning er samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar og KlinK&BanK bækistöðvar listamanna

This Exhibition is a Collaboration between Ice Tec and KlinK&BanK artist's Base, Reykjavik, Iceland

# NEW CREATIVITY / NÝ-SKÖPUN

**Dear Reader**

The aim of the exhibition New Creativity in Innovation is to draw attention to the importance of creativity and fertile thinking in the working environment of companies and institutions.

Creativity is the driving force of our society, whether it relates to business, research, or development. Creativity is therefore not limited to artists; rather it is a part of a new way of thinking in society.

When solving challenges, whether they are technical or relate to marketing, solutions are derived by examining things in a way different from the norm. To create a fertile discussion, the subject matter is viewed from various cross-disciplinary angles, whereby dissimilar viewpoints are expressed with the aim of attaining the best results.

It has been said, “The future is not like it used to be.” There is a lot of truth to this. We can analyse the past, but create the future. This way we can utilise it instead of fearing it.

The aforementioned attitude has been having an increasing effect on economic development, whether in relation to developments in traditional fields or new ones. Increased economic growth of nations today can be traced to the position of these matters in each individual country. Recent surveys indicate that the proportion of creative work in relation to overall work in Iceland is relatively high, when compared with many other countries. Creative work includes jobs in science, architecture, engineering, design, teaching, art, and specialised work in business. Iceland also ranks well when other indicators are examined, for example entrepreneurship and competitiveness.

However, there is plenty of latitude for ongoing improvements, and thereby make better use of the past to improve the future. In this connection, it is advisable to keep in mind the words of sculptor Ásmundur Sveinsson, who said, “Without new works, without the modern day, the future will no longer enkindle interest.”

The staff of IceTec thanks Klink & Bank and all of the artists for their creative cooperation in this project, and we invite all our guests to enjoy the works on display to your heart’s desire.

**IceTec**

We at Klink & Bank would like to thank IceTec for their initiative in looking for innovation in our energy centre. Since beginning operations over seven months ago, various seeds have been sown in the form of cooperative projects. This exhibition is one of our many harvests.

Cooperative projects between artists and companies are an almost unploughed field in Iceland. Such relationships need to be nourished, and this project is a step forward in the direction that in time we hope will lead us together to a new and better place.

Thank you for your help and assistance, and away we go...

**Klink & Bank**

# NÝSKÖPUN NÝ-SKÖPUN

**Ágæti Viðtakandi**

Markmið sýningarinnar Ný sköpun í nýsköpun, er að vekja athygli á mikilvægi sköpunar og frjórrar hugsunar í starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana.

Sköpun er drifkrafur þess samfélags sem við búum í hvort sem um er að ræða viðskipti, rannsóknir eða þróun. Sköpun er því ekki einskorðuð við listamenn heldur er hún hluti nýrrar hugsunar í samfélaginu. Við lausn viðfangsefna, hvort sem þau eru tæknileg eða markaðsleg, beinast lausnirnar að því að skoða hluti á annan hátt en vaninn segir til um. Til að skapa frjóa umræðu, eru viðfangsefnin rædd þverfaglega, þar sem ólík sjónarmið fá að njóta sín til að ná fram því besta.
Sagt hefur verði „Framtíðin er ekki eins og hún var vön að vera“. Það er mikið til í þessu. Við getum greint fortíðina en mótað framtíðina. Þannig getum við notið hennar í staðinn fyrir að óttast hana.

Framangreind viðhorf hafa í ríkari mæli áhrif á atvinnuþróun, hvort sem um er að ræða þróun hefðbundinna greina eða nýrra. Aukin hagvöxtur ríkja er í dag rakinn til stöðu þessara mála í hverju landi fyrir sig. Nýlegar kannanir benda til að hlutfall skapandi starfa af heildarstörfum sé tiltölulega hátt hér á landi miðaða við mörg önnur lönd. Þetta er einn af mælikvörðum sem notað er til að meta getu þjóða til nýsköpunar og framþróunar. Skapandi störf er þau störf sem vinna að vísindum, arkitektur, verkfræði, hönnun, kennslu, listum og sérfræðistörfum í viðskiptalífinu. Við skorum einnig ágætlega þegar skoðaðir eru aðrir mælikvarðar svo sem á sviði frumkvöðlamennsku og samkeppnihæfni.

Það er hins vegar nóg svigrúm til að gera enn betur og geta þannig notið betur fortíðar og bætt framtíðina. Í þessu sambandi er gott að hafa í huga orð nútímamannsins Ásmundar Sveinsson, hann sagði:
„Án nýrra verka, án nútímans, hættir fortíðin að vekja áhuga“.

Um leið og við starfsmenn Iðntæknistofnunar þökkum skapandi samstarf við Klink & Bank biðjum við gesti stofnunarinnar að njóta verkanna í húsakynnum okkar og óskum listamönnum sem hér sýna gæfu og gengis.

**Iðntæknistofnun**

Við í Klink & Bank viljum þakka Iðntæknistofnun það frumkvæði að leita að nýsköpun í okkar orkuver. Síðan við hófum starfsemi fyrir rúmum sjö mánuðum hefur verið sáð ýmsum fræjum í formi samvinnuverkefna og er þessi sýning ein af mörgum uppskerum okkar.
Samvinnuverkefni listamanna og fyrirtækja er enn næstum óplægður akur á Íslandi, þetta samband þarf að næra og með þessu frumkvæði er stigið skref í þá átt sem vonandi leiðir okkur saman á nýja staði þegar fram í sækir.

Með þökk fyrir aðstöðuna og gjörið þið svo vel...

**Klink & Bank**

**Sigurður Guðjónsson, fæddur/born 1975 Reykjavík.**

Sigurður Guðjónsson stundaði nám í Listaháskóla Íslands, þar sem hann lagði megin áherslu á vídeó, hljóð og skúlptúr. Hluta af náminu dvaldi hann í Vínarborg og baðaði sig í hámenningu Evrópu - eða réttara sagt ógnaði henni hörkulega með risavöxnum skúlptúrum og gerði tilraunir með hljóð og vídeó í vel útbúnum verum, sem leiddi af sér hans nýlega vídeóverk: Vogris (Hordeolum), sem tekið var á Íslandi og sýnt hefur verið hringinn í kringum hnöttinn. Eða á að minnsta kosti nokkrum stöðum á hnettinum. Sigurður Guðjónsson á sér bakgrunn í tónlist, þar sem hann meðal annars spilaði í einni hröðustu og þéttustu dauðarokkshljómsveit í manna minnum, Cranium. Sú gagnlega reynsla ómar augljóslega í verkum hans, þar sem orka og djúp alvara sameinast ásamt undarlegri kímnigáfu og fegurð. Sigurður tekst á í verkum sínum með áhrifamiklum hætti við tvö hrá náttúruöfl, þau sem búa í eðli mannsins og þau í náttúrunni sjálfri. Maður veltir því fyrir sér hvort kom á undan, eggið eða kokkurinn? Hver skapar þessa fáránlegu gjörninga náttúrunnar, og hvernig hafa þeir áhrif á okkar gjörðir? Og öfugt, náttúrulega. Þó eru þess háttar hugleiðingar alls ekki nauðsynlegar, þar sem maður fær mikið út úr því að aðeins skynja kraftinn, og pæla hvorki í uppruna hans né afleiðingum. Náðu þér í eyrnatappa og helltu þér út í þetta, þessum herramanni er alvara.

Sigurdur Gudjonsson studied fine arts in the Art Academy of Iceland where he worked mainly with video, sound and sculpture. Part of his studies were spent in Vienna where he bathed in European high culture - or more like aggressively terrorizing it with monstrous sculptures - experimenting with sound and video in well equipped studios which lead to the production of his recent video work: Vogris (hordeolum) which was shot in Iceland, but has been exhibited around the globe. Well, at least some parts of the globe. Mr. Gudjonsson has background in music, having played in one of the fastest and most solid death-metal bands in memory, Cranium. This useful experience has obvious resonances in his work, where energy and deep seriousness come together with screw humour and beauty. In his work, Mr. Gudjonsson deals dramatically with two raw natural forces, the ones of human nature and nature itself. One wonders which is first, the egg or the cook? Who creates that absurd performance of nature, and how does it affect our own? And vice versa, of course. Which is not necessary at all, as it is much more fruitful just to feel this energy, and not ponder over its origin and effects. Get some earplugs and dive into it, this gentleman is serious.

Thor Magnússon



majos@torg.is





gbenonys@isl.is
www.this.is/gurra

**Guðrún Benónýsdóttir, fædd/born1969 Reykjavík.**

Guðrún útskrifaðist með diplóma í myndlist frá Lista Akademíunni í Osló vorið 2000. Hún hefur starfað sem myndlistamaður í nokkur ár, bæði í Osló og seinna í Reykjavík, en fluttist hingað veturinn 2003 og er meðal annars einn af stofnendum Gallerí Kling og Bang. Á árunum 1992-1995 stundaði hún nám í leikmyndhönnun við E.S.A.T (Ecole Superieur des Art et Tequenique) í París.
Hún hefur á síðustu misserum, í samvinnu við performans/leikhús/myndlista tvíeykið í MG-Salong, gert búninga og leikmynd fyrir Nasjonaltheater í Osló og er að leggja drög að næsta verkefni með þeim. Áhrif leikmyndar og myndlistar kristallast hver í annarri í verkum hennar. Í myndlist sinni leggur hún áherslu á innsetningar þar sem hún raðar saman objektum og ljósmyndum sem lýsa ólíkum hughrifum í sundurleitri sögu. Verk hennar sýnd á Iðntæknistofnun, eru í stemmningu melódrama og/eða raunveruleika og þar sem söguþráðurinn sem slíkur er duttlungum háður. Þetta verk, ljósmyndaserían „Cats“ er gert fyrir útgáfu bókarinnar „Nesten“ sem verður gefin út í nóvember af Askehaug forlagi í Osló en þar sýna nokkrir ungir myndlistarmenn og rithöfundar verk sérstaklega unnin fyrir þetta útgáfuverkefni.

Guðrún graduated from the Norwegian Art Academy in the year 2000, with a diploma in Fine Arts. Guðrún studied Stage Design in the years 1992-1995 at E.S.A.T. ( Ecole Superieur des Art et Tequenique) in Paris. Since graduation she has been working as an artist in both in Oslo and Reykjavik. She moved back to Reykjavik in winter 2003 and is one of the founders of Gallery Kling & Bang.
This year she has in collaboration with the performance/theater/artists in MG-Salong, made costume- and stage design for the National Theater in Oslo and is planning another assignment with the same company. In her works one can find influences from the stage-design and the fine arts, where they crystallize each other, emphasizing on creating installations by mixing two- and three dimensional objects. Her works on display her refer to an atmosphere of melodramatic reality, where the narrative is capricious. This photo series "Cats" is made for the book “Nesten” which will be published in November by Askehaug Publishing in Oslo where selected artists and writers have been invited to exhibit works specially made for this project.



**Cats** 2004
ljósmynd/photograph

**Magnús Sigurðarson, fæddur/born 1966 Reykjavík.**

Magnús Sigurðarson útskrifaðist af Fjöltæknisviði Myndlista og Handíðaskóla Íslands árið 1992 eftir að hafa stundað nám í endurreisnar málun við Studio Cecil and Graves í Flórens, í einn vetur. Magnús fékk Fulbright styrk til MFA náms við Rutgers University í New Jersey og lauk prófi árið 1997. Hann lifði í New York til ársins1999 er hann flutti heim. Magnús býr og starfar um þessar mundir bæði í Reykjavík og Miami, Flórída, þar sem hann er á mála hjá Marina Kessler gallery og sýnir reglulega. Magnús hefur síðan hann flutti heim starfað að listsköpun sinni og öðrum listtengdum athöfnum svo sem setið í stjórnum Nýlistasafnsins og Gallerí Hlemms.
Í mynda seríunni **Divine Intervention** fæst Magnús við ímyndir og ímyndun tiltekinna hálfgoðsagnakenndra áhrifavalda 20. aldarinnar. Þá sérstaklega þeirra sem drottnað hafa með harðri hendi í nafni sósíalískar hugmyndafræði með tilvísunum í Andy Warhol og tví- (ef ekki marg) skinnung fjölmiðlunar.

Magnus graduated from the Icelandic College of Arts and Craft in 1992 after having spent a year in Florence studying Renaissance painting at Sudio Cecil and Graves. In 1997 he earned a MFA degree from Rutgers University, New Jersey and lived and worked in New York till 1999. Now Magnus lives and works in Reykjavik and Miami and shows regularly at Marina Kessler gallery in Wynwood, Miami. Magnus has been active both in exhibing art internationally and in art related works, especially with The Living Art Museum and Gallery Hlemmur in Reykjavik.
With **Divine Intervention**, Magnus takes political-historical figures, dictating collective conscience and explores the phenomenom of individuals being idealized or brought to a god like status. Through the means of Idealocical Romantism and Pop Culture, these images make astark contrast to the everyday existense of the "masses„ thus casting a light on the relationship between popular culture as exemplified by Andy Warhol and the impact of mass media on the cultural history of the 20th century.



magnussigurdarson@yahoo.com
http://this.is/fyll/artists/maggi



**Divine Intervention** 2003
**Þar sem feður verða úti skulu synir varða veg / Brother Che**
Stafræn prentun á ljósmyndapappír / Digital print on photographic paper
420 x 594 mm A2



eiruneirun@hotmail.com
www.this.is/fyll/artists/eirun
www.ilc.is

**Eirún Sigurðardóttir, fædd/born 1971 Reykjavík.**

Eirún útskrifaðist úr Myndlista og handíðaskóla Íslands 1996 og Hochschule der Künste Berlin 1998. Hefur sýnt víða frá 1996, bæði heima og erlendis, undir nafni Gjörningaklúbbsins, nánari upplýsingar á www.ilc.is. Eirún starfar einnig sem sjálfstæður listamaður og hefur haldið einkasýningar m.a. í galleri Hlemmi og Kling og Bang ásamt því að taka þátt í samsýningum. Hún hefur starfað sem stundakennari í Listaháskóla Íslands, setið í stjórn Nýlistasafnsins og verið með leiðsagnir í Listasafni Reykjavíkur.

Myndin sem hér fylgir heitir „Konan í garðinum“ (2004) og sýnir konu og barn í almenningsgarði stórborgar. Í henni er teflt saman hinu dýrslega og kvenlega, náttúru og ónáttúru, eðli og óeðli. Svipað er uppi á teningnum í 5 mynda ljósmyndaseríu frá sama ári sem ber heitið “Sundur / saman”. Þar situr settlegt par hlið við hlið og kannar þanmörk velsæmisins.

Eirún graduated from the Icelandic College of Arts and Crafts in 1996 and the Arts Academy in Berlin 1998. Since 1996 she has exhibited actively home and abroad as a member of The Icelandic Love Corporation. Eirún also work as an independent artist and has held solo exhibitions in Gallery Hlemmur and Kling and Bang among others. She has given lectures and seminars at the Iceland Academy of the Arts, been a board member of the Living Art Museum in Reykjavik and given guided tours at the Reykjavik Art Museum.

This work is a part of a series called “The Woman in the Park” (2004) and shows a woman and a child in a metropolitan public park. It is an interaction of opposing forces, the bestial and the feminine, the natural and the unnatural, nature and civilization. The five-part photographic series “Together / Apart” (2004) deals with related topics. It depicts a trimmed couple sitting side by side investigates the limits of decency.



**Konan í garðinum /**
**The Woman in the Park** 2004

**Sirra Sigrún Sigurðardóttir, fædd/born 1977 Ísland.**

Sirra Sigrún lauk BA gráðu frá Listaháskóla Íslands og nam listfræði við Háskóla Íslands. Eftir að námi lauk hefur hún samhliða listsköpun sinni setið í stjórn Nýlistasafnsins og er ein af stofnendum og stjórnendum Kling & Bang gallerís. Sirra Sigrún hefur sýnt víða hérlendis sem og erlendis. Titill verkanna vísar annarsvegar til þeirrar vísindalegu hugsunar að hægt sé að reikna út framtíð einhvers fyrirbæris ef allar upplýsingar ákveðins augnabliks eru til staðar. Hinsvegar er hér á ferðinni orðaleikur sem vísar til myndlistarlegs umhverfis og uppeldis yngri kynslóða íslenskra myndlistamanna. Viðfangsefni myndanna er rannsókn a skilyrðingu umhverfis og aðstæðna a þróun og framvindu einstakra hluta eða eininga.

Sirra Sigrun graduated with BA degree from the Art Academy of Iceland and studied Art Theory at the University of Iceland. After graduation she has been boardmember of the Living Art Museum and is one of the founders of Kling & Bang gallery. Sirra Sigrun has exhibited both nationally as internationally. On one hand the title of the works refers to the scientific thought that the future of any phenomenon can be calculated if all information of some specific moment are known. On the other hand the ambiguity that can be read in the title raises questions towards the artistic environment and upbringing of the younger generation of artists in Iceland. The work investigates the conditioning of environment and situation on development and process of things and units.



sirra@this.is





**Determinalism #2** 2004
Stafræn ljósmynd / Digital photograph 70 x 60 cm.

**Determinalism #4** 2004
Stafræn ljósmynd / Digital photograph 60 x 50 cm.



goddur@lhi.is

**Gudmundur Oddur Magnússon (Goddur), fæddur/born1955 Akureyri.**

Guðmundur stundar myndlistarnám í Reykjavík frá 1976-1979. Stofnaði og rak Rauða Húsið á Akureyri 1980 ásamt félögum sínum. Tekur þátt í Gullströndinni 1983. Stundar nám í ljósmyndun og grafískri hönnun í Vancouver, Bresku Kólumbíu frá 1986-1990. Stofnar ásamt félögum Gilfélagið á Akureyri til rekstrar listmiðstöðvar. Setur upp deild í grafískri hönnun við Myndlistarskóla Akureyrar 1992. Deildarstjóri grafískrar hönnunar við Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 1995 til loka skólans. Prófessor við Listaháskóla Íslands frá stofnun. Starfar í Klink og Bank frá febrúar 2004. Hefur haldið einkasýningar og tekið þátt fjölmörgum samsýningum hér heima og erlendis.

Gudmundur Oddur Magnusson (Goddur) b. in Akureyri N-Iceland. Sudied fine Art at The Icelandic College of Art & Crafts from 1976-79. Founded and was director for the Red House Gallery in Akureyri from 1980-82. Has been active in cultural politics since as a writer and curator. Studies graphic design at Emily Carr Institute of Art & Design in Vancouver B.C. from 1986-89. Lives in Canada until 1991. Instructor in Graphic design since 1992. Currently professor of Graphic Design at The Iceland Academy of the Arts. Active member of KlinK&Bank. Exhibited in various group exhibitions in Europe and N-America.




**Pepsíhúsið/The Pepsi House** 2000
lomography 40 x 40cm

**Hekla Dögg Jónsdóttir, fædd/born 1969 Reykjavík.**



Hekla Dögg Jónsdóttir útskrifaðist úr myndlista og handíðaskóla íslands 1994 og var tvö ár í gestanámi í Frankfurt a.m. og Kiel, Þýskalandi. Hekla stundaði nám við California Institute of the Arts í Los Angeles, útskrifaðist með BFA gráðu 1997 og MFA gráðu 1999. Hekla er ein af stofnendum Kling & Bang gallerí. Hún hefur verið sýningastjóri fjölda sýninga hér á landi m.a. fyrir Listasafn Reykjavíkur, Listaháskólann og Kling & Bang. Hekla hefur sýnt víða hérlendis sem erlendis. Hún sýnir hér ljósmyndina **Shopping Mall** og myndaröðina **Töfrar** sem liggur á mörkum ljósmynda af innanhúss arkitektúr og tvívíðra abstraktmynda. Ljósmyndirnar eru teknar í verslunarmiðstöð í Valencia, Kaliforníu.

Hekla Dögg Jónsdóttir graduated from The Icelandic College of Art and Crafts 1994 and spent two years as a guest student in Frankfurt and Kiel, Germany. Hekla received a BFA 1997 and an MFA 1999 from California Institute of the Arts, Los Angeles. In 1998 Hekla received the Fellowship - Skowhegan, School of Painting and Sculpture, in Main. Hekla is one of the founders of Kling & Bang gallery. She has been a curator for several exhibitions at Reykjavík Art Museum, The Iceland Art Academy and Kling & Bang Gallery. Hekla has exhibited both nationally and internationally. She exhibits here the photograph **Shopping Mall** and the photo series **Magic** which lie between the realm of Interior Design and a two dimensional abstract Imagery. The photographs are all shot on location in a shopping mall in Valencia, California.

www.this.is/hekla
hekla@hn.is



**Shopping Mall** 2004
ljósmynd/photograph 120 x 100 cm



disasa@hotmail.com

**Ásdís Sif Gunnarsdóttir, fædd/born 1976 Madison Wisconsin.**

Ásdís Sif Gunnarsdóttir útskrifaðist með BFA gráðu frá School of Visual Arts New York 2000 og MFA gráðu frá UCLA Los Angeles 2004. Ásdís Sif leggur áherslu á Performance og Video list. Síðastliðið ár hefur hún gert innsetningar inn í rými og blandað saman video verkum og ljósmyndum sem teknar eru úr videoverkunum. Allar ljósmyndirnar sem sýndar eru koma úr einu stóru videoverki sem að heitir ´Kingdom of You/Youth in Control" sem að fyrst var sýnt í Ásmundasafni/Píramídunum og þróaðist síðan áfram í útskriftarsýningu Ásdísar í Los Angeles og nú síðast í CCA í Glasgow/Noonday Demons. Þetta er verk sem að tekur engan endi og bætast við nýjir kaflar eftir því sem tíminn líður. Verkið er unnið upp úr tilfinningaminningum og dagdraumum/undirmeðvitundinni.

Ásdís Sif Gunnarsdóttir graduated from School of Visual Arts New York 2000 and from UCLA MFA degree in 2004. Ásdís Sif is a Performance and Video Artist. This year she´s been concentrating on one big continous video installation in which she mixes together video projections and print photographs from the videos. All the photographs that are shown here are coming out of that video installation callaed ´Kingdom of You, Youth in Control which was first shown in Ásmundasafn, the Pyramids and then developed into her graduation show in Los Angeles following a show at the CCA in Glasgow, Noonday Demons. This piece has no ending and as time passes new chapters of video pieces are added. The work is inspired by emotional memory and daydreaming, the unconcious.





Kingdom of You/Youth in Control



Ágæti viðtakandi

Þér er hér með boðið á opnun sýningarinnar NÝSKÖPUN NÝ-SKÖPUN í höfuðstöðvum Iðntæknistofnunnar að Keldnaholti, þann 29. okt. n.k. kl. 14:00.

Sýningin er samstarfsverkefni Iðntæknistofnunnar og Klink & Bank.

Dear recipient

You are hereby invited to the opening of the exhibition NÝSKÖPUN NÝ-SKÖPUN, at the headquarters of Ice Tec, Keldnaholti, on Oct. 29th at 14:00.

This exhibition is collaboration between Ice Tec and Klink & Bank.